



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,  
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 14. apríl 2021

Ágæta samverkafólk.

Enn fylgjumst við vel með stöðu faraldursins og förum í einu og öllu eftir leiðbeiningum yfirvalda.

Upplýsingar um nýja reglugerð ráðherra og minnisblað sóttvarnarlæknis eru aðgengilegar á vef heilbrigðisráðuneytisins, sjá hér: [www.hrn.is](http://www.hrn.is).

Nýjar reglur munu taka gildi næstkomandi föstudag 16. apríl og gilda til 6. maí. Allar takmarkanir ná til landsins alls og almenna reglan um fjöldatakmörkun verður nú 20 manns. Grímuskylda er þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum. Börn fædd 2015 og síðar eru undanþegin 2 metra reglu, fjöldatakmörkun og grímuskyldu.

Það sem að okkur snýr varðandi þessar breyttu reglur er að í kirkjulegum athöfnum mega vera 30 manns í sama rými og á það við um fólk sem fætt er fyrir 2015. Meiri slaki er gefinn við útfarir þar sem 100 manns mega vera saman komin. Í öðru starfi kirkjunnar, svo sem fundastörfum og fræðslustarfi, erfidrykkjum og fermingarveislum mega ekki vera fleiri en 20 manns samankomin.

Nú er svo komið að stærsti hluti þeirra sem eru 70 ára og eldri hafa fengið bólusetningu og félagsstarf aldraðra á vettvangi sveitarfélaga er farið í gang. Á þessum forsendum hefur Biskupsstofa nú sent beiðni til Heilbrigðisráðuneytisins þess efnis að félagsstarf aldraðra í kirkjum landsins fái sömu afgreiðslu og félagsstarf á vettvangi sveitarfélaga.

Eins hefur fyrirspurn verið send ráðuneytinu varðandi hvar í forgangs röð bólusetninga sé gert ráð fyrir prestum og djáknum. Svör ráðuneytisins varðandi hvorutveggja mun ég senda ykkur um leið og þau berast.

Varðandi tilhögun ferminga legg ég áfram til að prestar hafi samráð við fermingarborn og fjölskyldur þeirra sem og samstarfsfólk sitt um tilhögun þeirra, sbr. það sem fram kom í síðasta bréfi. Samhliða síðasta bréfi voru sendar leiðbeiningar frá sóttvarnarlækni varðandi hólfaskiptingu rýma. Vegna þessara sérstöku aðstæðna hvet ég ykkur til að hrinda slíkri hólfaskiptingu í framkvæmd, þar sem henni verður við komið, varðandi skírnir, fermingar og hjónavígslur.

Í ljósi þess að börn hafa verið að smitast að undanfögnu þarf einnig að huga að barnakórastarfi og öðru hópastarfi með börnum. Ekki er víst að hægt sé að tryggja sóttvarnir í þeim hópum svo vel sé, en afstöðu til þessa þarf að taka á hverjum stað.

**Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:**

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Eins og fram kemur hér að ofan skal sótthreinsa alla sameiginlega snertifleti milli athafna. Nú er það svo, eins og við þekkjum, að **organistar** fara gjarnan á milli kirkna til að sinna þjónustu við hinar ýmsu athafnir. Það er vandkvæðum bundið í því ástandi sem nú ríkir, því svo virðist sem að sótthreinsiefni skemmi viðkvæmt yfirborð nótnaborðanna og allra rofa og takka orgelanna. Ég vil geta þessa hér í þessu bréfi nú, til að við tökum höndum saman við að tryggja starfsöryggi allra organista í störfum sínum. Ég bið ykkur að leita allra leiða til þess.

Ég vil hvetja ykkur til dáða á þessum skrýtnu tímum. Mikilvægt er að við höldum vöku okkar og gerum okkar besta í baráttunni við þennan vágest. Í þeirri baráttu stöndum við ekki ein og yfirgefin. „*Eins og hindin þráir vatnslindir þráir sál mín þig, ó Guð. Sál mína þyrstir eftir Guði, hinum lifanda Guði, hvenær mun ég fá að koma og sjá auglit Guðs?*“ (Sl. 42:2-3).

Guð gefi ykkur styrk og æðruleysi og blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.